

**Aðalfundur Leiðsagnar 2024 að Stórhöfða 29 og í fjarfundi fimmtudaginn 4. apríl 2024 kl. 18:00. Mætt voru 46 á staðfundi og 44 á fjarfundi.**

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Fundarstjóri var kosinn Guðmundur B. Ólafsson með lófaklappi.

Fundarritari var kosin Berglind Steinsdóttir með lófaklappi.

2. Lýst yfir niðurstöðu í kjöri formanns og stjórnar.

Réttkjörinn formaður er Halldór Kolbeins með 91 atkvæði (50,84%).

Þór Bínó Friðriksson fékk 85 atkvæði (47,49%) og þrír seðlar (1,68%) voru auðir.

Til tveggja ára voru kosin Hildur Þöll Ágústsdóttir með 82 atkvæðum (17,67%) og Jens Ruminy með 78 atkvæðum (16,81%) og Björn Júlíus Grímsson til eins árs með 69 atkvæðum (14,87%).

Að auki voru kosin sem varamenn í stjórn:

Daði Hrólfsson, 63 atkvæði.

Guðbjörn Guðbjörnsson, 60 atkvæði.

Óskar Grímur Kristjánsson, 45 atkvæði.

Daníel Perez Eðvarðsson, 36 atkvæði.

Gunnar Ólason fékk 27 atkvæði og tekur ekki sæti í stjórn. Auð atkvæði voru fjögur.

3. Skýrsla fráfarandi félagsstjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.

Snorri Steinn Sigurðsson formaður flutti skýrslu fráfarandi félagsstjórnar og að henni fluttri lagði fundarstjóri til að umræður yrðu um hana með umræðum um reikninga félagsins. Það var samþykkt umyrðalaust.

4. Reikningar félagsins og sjóða þess lagðir fram til afgreiðslu.

Guðný Margrét Emilsdóttir gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins og sjóða þess. Kristín Hrafnisdóttir endurskoðandi var jafnframt til svara. Skjánum var deilt með fjarfundinum til að fólk sem komst ekki á staðfundinn gæti engu að síður fylgst með reikningunum. – Umræður (*Emil Örn Kristjánsson*) urðu um lögmannskostnað og kostnað vegna samskiptasérfræðings (*Bryndís Kristjánsdóttir*) meðan gjaldkerinn gerði grein fyrir upphæðunum. Fundarstjóri beindi þá þeim tilmælum til fundarmanna að geyma umræður þangað til yfirferð yrði lokið. – Að yfirferð lokinni gaf fundarstjóri orðið laust. *Örvar Már Kristinsson*, eitt sinn formaður, kom í pontu og spurði nokkurra spurninga um sérfræðikostnaðarliði. Gjaldkeri sagði kostnað m.a. tilkominn vegna vanefnda á faghandbók fyrir einhverjum árum, e.t.v. 2021. Faghandbókin er enn ókomin. Einnig urðu umræður um sameiningu sjóða (Endurmenntunarsjóðs og Sjúkrasjóðs) og kostnað við hana. *Emil Örn Kristjánsson* kom í pontu og lagði til að menn styttu mál sitt og slepptu karpi en vildi vita um aukinn kostnað við félags- og aðildargjöld. Gjaldkeri útskýrði að það væri greiðsla til ASÍ og Landverndar. *Ingólfur Herbertsson* óskaði útskýringa á háum lögfræðikostnaði. Gjaldkeri útskýrði að það stafaði m.a. af launþjófnaði og dómsmálum. Fundarstjóri bætti við að kostnaðurinn væri vegna þess að þótt mál vinnist geti kostnaður vegna lögmanns fallið á þann sem ekki tapar málinu. Þessi fórnarkostnaður vegna kjarabóta er ekki afturkræfur, enda prófmál til að ná fram bættum kjörum. Þannig gætu félagsmenn unnið eitthvað til baka. *Gunnar Ólason* spurði um misræmi í reikningum upp á 242 kr. en aðallega um vaxtatekjur sem eru undir verð-

bólgunni. Gjaldkeri útskýrði að í bankanum væru starfsmenn sem sæju um eignasafnið og að sá sem gjaldkeri hefði rætt þetta við vildi meina að ávöxtunin væri bara eins góð og hún gæti orðið. Gjaldkeri hyggst ganga frekar eftir þessu hjá bankanum. *Bryndís Kristjánsdóttir* kom í pontu og gerði athugasemd við að gjaldkeri hefði hnýtt fullmikið í fráfarandi skrifstofustarfsmann Leiðsagnar sem hefði ekki hætt sjálfviljug eftir fjögur ár. Gjaldkeri útskýrði að hún hefði bara viljað segja að mikill kostnaður fylgdi því að starfsmaður hætti fyrirvaralaust. *Atli Sigurðarson* þakkaði gjaldkera fyrir góða ávöxtun en gerði athugasemd við að verið væri að eignfæra fána o.fl. *Kristín* útskýrði að eignin væri færð niður smátt og smátt og hún myndi færa hana út úr bókhaldinu þegar hún yrði beðin um það.

Reikningar voru samþykktir samhljóða.

5. Tillögur um lagabreytingar frá Áslaugu J. Marinósdóttur, Hörpu Björnsdóttur og Sigrúnu H. Pálsdóttur.

Áréttað skal að ávallt var talið í fundarsal og á netinu fyrir atkvæðagreiðslu tillagna til að skýrt væri hversu mörg atkvæði þyrfti til að samþykkja lagabreytingartillögur.

Allar tillögur höfðu verið kynntar á vefsvæði Leiðsagnar þannig að fundarstjóri óskaði eftir að þær yrðu ekki lesnar orðrétt fyrir fundarmenn. Fyrst mælti fyrir sínum breytingartillögum **Áslaug J. Marinósdóttir**, aðallega um að 6. gr. um félagsgjöld yrði breytt og viðbót við a-lið 9. gr. um kjörgengi. Umræðum og atkvæðagreiðslu um 6. og 9. gr. var frestað þangað til aðrir tillöguflytjendur hefðu gert grein fyrir tillögum sínum.

Þá mælti fyrir sínum breytingartillögum **Harpa Björnsdóttir** í fjarfundi um 8. gr. um merki félagsins, um 9. gr. um réttindi félagsmanna og um 25. gr. um endurskoðun.

*Bára Kristín Pétursdóttir* tók til máls og lýsti yfir áhyggjum af rígg milli leiðsögumanna úr ólíkum skólum og lagði til að breytingartillaga um 8. gr. yrði felld. Atkvæðagreiðslu var frestað þar sem 8. gr. var ekki strax til umræðu og atkvæðagreiðslu.

*Emil Örn Kristjánsson* tók til máls um 6. og 9. gr. og gerði tillögu að breytingu á breytingartillögu vegna aðildar- og félagsgjalda. **Áslaug** hnykkti frekar á hugmynd sinni og sagðist halda að lögin eins og þau væru gengju út á að laða að nýja félagsmenn. Snorri formaður tók undir og sagði að það snerist um að auðvelda erlendum leiðsögumönnum að greiða til félagsins.

Dagskrártillaga barst frá *Jakobi S. Jónssyni* um að vísa öllum lagabreytingartillögum frá vegna hugmynda um að félagið fari í viðræður við annað stéttarfélag. *Gunnar Ólason* lagði þá til að tillagan yrði borin strax undir atkvæði. Emil spurði hvort tillagan samræmdist fundarsköpum, þ.e. að koma með dagskrártillögu inn í miðja umræðu. *Jens Rummy* sagði að svipuð tillaga hefði komið fram á síðasta aðalfundi en vildi að fundurinn kláraði umræður um lagabreytingar. *Birna Imsland* benti á að dagskrártillagan kæmi fram of snemma á fundinum og að í öðru lagi stæðu félagsmenn frammi fyrir gerð kjarasamninga og það væri mikilvægt að félagsmenn hefðu rödd í þeim. **Harpa** tók undir með Jens og Birnu vegna þess að lagabreytingartillögur hefðu komið fram á undanfarandi árum sem hefði verið vísað til stjórnar og dagað þar uppi.

*Sigrún H. Pálsdóttir* kvaddi sér hljóðs, sagðist hlynnt tillögu Jakobs en fannst erfitt að taka þátt í umræðum í gegnum Zoom. *Sigurður Albert Ármannsson* bað um orðið og sagðist óttast að tillögur sem væri vísað frá dæju drottne sínum. Hann lagði til að umræður um lagabreytingartillögur héldu áfram á sérstökum fundi 30. apríl næstkomandi og að stjórn yrði ekki heimilt að breyta þeirri tímasetningu. Sigrún bað um orðið undir þessum lið og tók undir að

fara þyrfti í heildarendurskoðun á lögnum en fannst 30. apríl of skammt undan ef fara ætti í gagngera endurskoðun. *Ingimar Skúli Sævarsson* spurði hvort þá yrði annar aðalfundur 30. apríl. *Hallfríður Þórarinsdóttir* sagðist leggja þann skilning í tillöguna að frestað yrði umræðum um lagabreytingartillögurnar sem voru lagðar undir fundinn og öðrum ekki. Snorri formaður sagðist halda að heilan dag þyrfti undir lagabreytingar, ekki aðeins eitt kvöld. *Sigurður Albert Ármannsson* sagðist hafa verið að hugsa um að koma í veg fyrir að umræðum yrði frestað í sífellu vegna þess að nú væri brýnt að fara vandlega yfir breytingar á lögnum. *Kristján Viggósson* sagði brýnt að fresta ekki umræðum um tillögur vegna þess að félagsmenn væru þreyttir. Hann vildi klára umræður um lagabreytingar. *Gunnar* sagði að félagsmenn væru haldnir frestunaráratu og lagði til að strax yrði gengið til atkvæðagreiðslu.

Fundarstjóri bar tillögu *Sigurðar Alberts* undir fundinn, einnig fjarfundinn í gegnum spjallgluggann, og hún var **felld** með 31 atkvæði gegn tillögunni og 20 atkvæðum með.

Fundarstjóri bar undir fundinn tillögu *Jakobs* um að vísa lagabreytingunum til stjórnar. Hún var **felld** með þorra atkvæða gegn tillögunni og sex atkvæðum með.

Fundarstjóri bar undir fundinn breytingartillögu við breytingartillögu sem var felld.

Fundarstjóri bar þá undir fundinn breytingartillögu Áslaugar um 6. gr. Hún var **felld** með 18 greiddum atkvæðum (af 60) en hefði þurft 2/3 atkvæða.

Fundarstjóri bar þá undir fundinn breytingartillögu Áslaugar um viðbót við a-lið 9. gr. Hún var **felld** með 38 greiddum atkvæðum af 60.

Fundarstjóri bar þá undir fundinn breytingartillögu Hörpu um 9. gr. Hún var **felld** með 36 atkvæðum.

Fundarstjóri bar þá undir fundinn breytingartillögu Hörpu um 8. gr. *Sigurður Albert Ármannsson* sagðist skilja tillögu Báru (fyrr á fundinum) sem frávísunartillögu vegna þessarar greinar. *Bára* staðfesti þann skilning. *Sigurður Albert* sagði að þessi grein hefði klofið félagið og þyrfti lengri umþóttunartíma. Hann bætti við tillögu Báru að breytingunni yrði efnislega vísað til stjórnar. *Ingimar Skúli Sævarsson* sagðist ósáttur við gjörning stjórnar á síðasta ári og lagði til að tillögunni yrði vísað frá. *Sigurður Albert* benti á að skv. fundarsköpum yrði að bera frávísunartillögu strax undir atkvæði. **Frávísunartillagan** var borin undir atkvæði, hún var **samþykkt** með þorra greiddra atkvæða og breytingartillögu Hörpu um 8. gr. þar með vísað frá.

Þá mælti **Sigrún H. Pálsdóttir** í fjarfundi fyrir breytingartillögu sinni um 7. gr. um fag-hópa. *Ingimar Skúli Sævarsson* spurði hvort einhver skóli uppfyllti staðal Evrópusambandsins. Sigrún kvað svo vera. *Ingimar Skúli* spurði hvort þá væri verið að gjaldfella alla skóla frá 2011. Sigrún sagði svo ekki vera. *Jakob S. Jónsson* sagðist hafa átt sæti í starfshópi þegar rætt var um staðalinn en ekki hefði náðst að dekkja annað en almenna leiðsögn. Hann var allítarlegur í sínum útskýringum á Evrópustaðlinum. *Sigurður Albert Ármannsson* sagðist einnig hafa verið í starfshópi vegna sama máls og fór einnig mörgum orðum um sína aðkomu. *Birna Imsland*

fagnaði því að fólk vildi vinna í faginu en taldi tillöguna ekki nógu vel unna, hún væri til þess fallin að kljúfa hópa sem ættu samleið. *Gunnar* tók undir með *Birnu*. *Ingimar Skúli* gagnrýndi að félagið mæti ekki menntun þeirra sem hefðu menntað sig til starfsins. Honum finnst fráleitt að skjöldurinn sé ekki fyrir alla menntaða. **Sigrún** ítrekaði að hún hefði sett tillöguna fram eingöngu til að undirstrika alla menntun sem leiðsögumenn hafa, gera hana sýnilega í lögum félagsins og gera henni hátt undir höfði. Tillagan var borin undir atkvæði og var **felld** með öllum atkvæðum gegn einu.

**Harpa Björnsdóttir** reifaði breytingu á 23. gr. *Sigrún* sagði að reglugerðin yrði áfram á skjön við löginn, taldi tillöguna ekki tímabæra og lagði til að henni yrði vísað frá. **Frávísunartillagan** var borin undir atkvæði og var **samþykkt** með 25 atkvæðum gegn 9.

**Harpa Björnsdóttir** reifaði breytingu á 25. gr. um endurskoðun. *Guðný Margrét* svaraði Hörpu og sagði að allar upplýsingar hefðu ekki legið fyrir á gefnum tíma og tók undir tillögu Hörpu. Tillagan var borin undir atkvæði og var **samþykkt** með 44 atkvæðum og náði því tilskildum atkvæðafjölda.

**Harpa Björnsdóttir** reifaði breytingu á 12. gr. um stjórn. Tillagan var borin undir atkvæði og var **samþykkt** með 40 atkvæðum og náði því tilskildum atkvæðafjölda.

**Harpa Björnsdóttir** reifaði breytingu á 21. gr. um aðalfund. Tillagan var borin undir atkvæði og var **samþykkt** með 44 atkvæðum, og náði því tilskildum atkvæðafjölda.

**Harpa Björnsdóttir** reifaði breytingu á 2. málslíð 30. gr. Tillagan var borin undir atkvæði og var **samþykkt** með 43 atkvæðum og náði því tilskildum atkvæðafjölda.

Fundarstjóri bar þá löginn með áorðnum breytingum undir fundinn. Þau voru samþykkt með þorra greiddra atkvæða, og náðu því tilskildum atkvæðafjölda.

6. Fjárhagsáætlun lögð fram og tillaga gerð um fjárhæð aðildargjalds. *Guðný Margrét Emilsdóttir* gjaldkeri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun og umsýslugjaldi. Fráfarandi formaður gerði tillögu um að fjárhæð aðildargjalds yrði óbreytt, 10.000 kr. og var það samþykkt.

7. Kosning til trúnaðarráðs.  
Kosin voru *Hildur Bjarnason*, *Örvar Már Kristinsson*, *Bergur Álfþórsson*, *Kári Jónasson*, *Þorsteinn S. McKinstry* og *Bryndís Kristjánsdóttir*.  
Kosin voru sem varamenn *Atli Sigurðarson*, *Bára Kristín Pétursdóttir*, *Ásgeir Sverrisson*, *Sigrún H. Pálsdóttir*, *Sigurður Albert Ármannsson* og *Bryndís Þorkelsdóttir*.  
Voru þau rétt kjörin til trúnaðarstarfa.

8. Kosning fulltrúa í fastanefndir og aðrar trúnaðarstöður.

Kosinn var til setu í upplýsinganefnd Sigurður Albert Ármannsson sem var einn í framboði.  
Kosin voru til setu í fagráð Jóhanna Magnúsdóttir og Sigurður Albert Ármannsson.  
Kosinn var til setu í fræðslunefnd Einar Þórðarson.  
Vorur þau rétt kjörin til trúnaðarstarfa.

9. Kosning stjórnar Sjúkrasjóðs félagsins og eins fulltrúa í stjórn Endurmenntunarsjóðs.

Kosning í stjórn Sjúkrasjóðs fór fram 2023 og verður því næst 2025.  
Kosin var Lovísa Birgisdóttir í stjórn Endurmenntunarsjóðs sem var ein í framboði og því rétt kjörin.

10. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna reikninga til tveggja ára.

Kosin voru Ásgeir Sverrisson og Bára Kristín Pétursdóttir sem voru ein í framboði og því rétt kjörin.

11. Önnur mál.

Tillaga lögð fram á aðalfundi Leiðsagnar 4. apríl 2024:

Aðalfundur Leiðsagnar 4. apríl 2024 samþykkir að veita nýkjörinni stjórn umboð til að leita eftir nánú samstarfi og eftir atvikum samruna við önnur stéttarfélög sem gæta hagsmuna starfsfólks í ferðaþjónustu.

Félagsmenn verði upplýstir reglulega um framgang málsins og miðað verði við að eigi síðar en fyrir aðalfund 2025 liggja fyrir áætlun um samstarf eða samruna við önnur félög innan ferðaþjónustunnar.

Halldór Kolbeins  
Þór Bínó Friðriksson

*Emil Erni Kristjánssyni þótti tillagan ganga of langt og vildi ekki samþykkja hana. Sigurður Albert Ármannsson sagði að allavegana þreifingar væru búnar að vera í gangi lengi og sá enga meinbugi á að þegar eitthvað yrði að fréttu af „nánú samstarfi og eftir atvikum samruna við önnur stéttarfélög“ yrði boðaður félagsfundur. Sigurður Albert vildi samþykkja tillöguna. Þór Bínó tók undir með Sigurði.*

**Tillagan** var borin undir atkvæði og hún var **samþykkt** með nær öllum greiddum atkvæðum.

---

*Ragnheiður Björnsdóttir bað um orðið til að ræða skjöldinn sem hún sagði jafngilda ökuskríteini og fleira til að staðfesta próf í því fagi sem fólk ynni við.*

*Ingimar Skúli Sævarsson tók undir með Ragnheiði en sagði að menntun hans og þeirra sem útskrifuðust úr þeim skóla væri ekki metin til jafns við aðra menntun.*

---

*Guðný Margrét Emilsdóttir* sagði að Kári Jónasson hefði reynt að hafa áhrif á kosningu trúnaðarmanna. Hún lagði fram svohljóðandi bókun:

Ég undirrituð, Guðný Margrét Emilsdóttir, legg fram eftirfarandi bókun: Í aðdraganda kosningar til formanns og stjórnar varð Kári Jónasson, tilnefndur af trúnaðarráði í kjörstjórn, uppvís að því að senda út skilaboð m.a. á messenger til félagsmanna þar sem hann lagði til að kjósa Halldór Kolbeins öðrum fremur til formanns Leiðsagnar, í framboði var jafnframt Þór Bínó. Kári lagði einnig til að kjósa Daða, Jens og Guðbjörn öðrum fremur til stjórnar. Skilaboð þessi voru send til félagsmanna eftir að rafræn kosning hófst. Ég tel að þessi athugasemd verði að koma fram í skýrslu aðalfundar 2024. Þetta athæfi umrædds kjörstjórnarmanns er algjörlega ólíðandi. Umræddur kjörstjórnarmaður á ekki bara að segja sig úr kjörstjórn heldur líka trúnaðarráði. Og Kári á ekki að vera í framboði til trúnaðarráðs. Mál Kára Jónassonar skal tekið fyrir á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar og jafnframt líka á fyrsta trúnaðarráðsfundi nýs trúnaðarráðs.

Virðingarfyllst,  
Guðný Margrét Emilsdóttir

---

Nýkjörinn formaður, Halldór Kolbeins, ávarpaði fundinn og þakkaði traustið. Hann kallaði Þór Bínó til sín og sagði að skjöldurinn yrði sannarlega fyrsta mál á dagskrá. Fráfarandi formanni var afhentur blómvöndur með þakklæti fyrir vel unnin störf.

---

Jakob S. Jakobsson ávarpaði fundinn fyrir hönd Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur og áskildi henni rétt til að tjá sig skriflega um störf stjórnar 2023–2024. Hann lagði fram svohljóðandi bókun:

*Ágætu félagsmenn.*

*Þar sem ég á ekki heimangengt til að vera viðstödd aðalfund Leiðsagnar þ. 4. apríl 2024 vil ég koma eftirfarandi á framfæri:*

*Ég var formaður félagsins í níu mánuði eða frá 3. maí 2023 til 28. janúar 2024 og furða mig á að ekki hafi verið haft samband við mig vegna skýrslu stjórnar Leiðsagnar sem er á dagskrá aðalfundar þ. 4. apríl.*

*Því ítreka ég að hér er um einhliða starfsskýrslu svokallaða 5-menninga er að ræða sem aðeins hafa verið við stjórnvölinn í félaginu í þrjá mánuði.*

*Áskil ég mér því þann rétt að fá tækifæri til að tjá mig skriflega um starfsskýrslu stjórnar 2023-2024 áður en hún verður birt opinberlega.*

*Með vinsemd og virðingu.  
Jóna Fanney Friðriksdóttir  
Fráfarandi formaður Leiðsagnar.*

Fundarstjóri fékk leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð með fundarritara.

Fundi var slitið kl. 22:03.

Guðmundur B. Ólafsson fundarstjóri

Berglind Steinsdóttir fundarritari